

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi (frístundabyggð).

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar í Birkilandi við Voga samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

a) Fyrir vatn 80°C og heitara	169 kr./m ³
b) Fyrir vatn 70-79°C	135 kr./m ³
c) 69°C og kaldara	103 kr./m ³

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka ef vatnshiti breytist. Þar sem vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (einn mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

a) Fyrir mæli allt að ¾"	kr. 1.471
b) Fyrir mæli 1"-2"	kr. 2.962
c) Fyrir mæli 3" og stærri	kr. 5.904

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.341.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldendum að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum eða öðrum greiðslustöðum sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hverja heimæð kr. 562.355

Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er kr. 33.068

Lóðarhafar greiða auk heimtaugagjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem er í vanskilum, auk kr. 2.680 í hvert skipti.

7. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967 og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 23/2018.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 19. júní 2023.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrason.

Hreinn Hrafnkelsson.